

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Námsmenning í Borgaskóla



**Ums-94**

**2021-2022**

**Nafn skóla:** Borgaskóli

**Nafn verkefnis:** Námsmenning í Borgaskóla

**Nafn verkefnastjóra:** Ester Helga Líneyjardóttir

**Númer samnings og ár:** UMS-94, 2021-2022

#### **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:**

Starfsfólk í Borgaskóla nýtir sér leiðsagnarnám til að efla námsmenningu í skólanum. Í leiðsagnarnámi er horft til þess að nemendur þekki þau námsmarkmið sem unnið er að og viti til hvers er ætlast og hvernig þeir ná markmiðum sínum.

Markmið skólaársins voru eftirfarandi:

- Að allir nemendur og starfsmenn temji sér vaxandi hugarfar
- Að efla þrautseigju nemenda
- Að nemendur séu meðvitaðir um að hreyfing og heilbrigður lífsstíll sé hluti af daglegu starfi skólans
- Að styrkja samvinnu kennara um leiðsagnarnám
- Að nemendur nái enn betri árangri í lesfimi og lesskilningi
- Að efla nýsköpun með samvinnu milli námsgreina
- Að gefa sköpun meira svigrúm í öllum námsgreinum

#### **Leiðir sem voru valdar til að ná markmiði:**

Borgaskóli er einn af þekkingaskólum í leiðsagnarnámi í Reykjavík.

Þróunarteymi; skipað skólastjórnendum, kennurum á yngsta stigi og miðstigi ásamt list- og verkgreinakennara fundaði reglulega og varðaði leiðina að markmiðum. Kennarar kynntu vegferð sína í leiðsagnarnámi fyrir öðrum kennurum og deildu hugmyndum og verkefnum sín á milli. Kynningar fóru fram á kennarafundum og með gagnkvæmum heimsóknum í kennslustofur en þó tókst að ná fram faglegri umræðu og ígrundun. Kaflar úr bókinni Leiðsagnarnám voru lesnir saman og ígrundaðir á umræðufundum. Aðkeypt fræðsla var frá höfundi bókarinnar Leiðsagnarnám. Komið var á valgreinum í 6.-7. bekk þar sem nemendur gátu valið á milli fjölbreyttra námsgreina, 2 kennslustundir í viku. Samstarf upplýsingatækni og hönnunar og smíði, svokallaðar snillismiðjur, voru starfandi á skólaárinu. Þar unnu nemendur að nýsköpun sem og að því að komast inn í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Unnin voru verkefni í dansköpun og tónlistarsköpun, annars vegar með Dansgarðinum og hins vegar með tónskáldinu Höllu Steinunni Stefánsdóttir.

#### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins og helstu hindranir sem upp komu:**

Samkomutakmarkanir settu óneitanlega strik í reikninginn en óhætt er að segja að sú fræðsla/þeir fundir sem fram fóru á netinu hafi skilað sínu. Reynsla frá síðasta skólaári kom sér vel og nemendur og kennarar sýndu mikla aðlögunarhæfni. Helst ber að nefna að eftir bruna í skólanum voru tvær stofur list- og verkgreinakennara óstarfhæfar en kennslan var aðlöguð aðstæðum og kennarar flökkuðu á milli þeirra rýma sem laus voru og fóru í heimsóknir til listamanna á þessum tíma og á söfn.



## **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:**

Hvað mælanlegan ávinning varðar ber helst að nefna tvennt; mat nemenda á leiðsagnarnámi, líkt og fram kom í niðurstöðum Skólapúlsins, og niðurstöður Lesfimiprófa Menntamálastofnunar. Nemendur í 6.-7. bekk í Borgaskóla meta tíðni leiðsagnarmats (Kennararnir láta mig vita hve vel mér gengur í náminu, Kennararnir segja mér hvað ég þarf að gera til að ganga betur í náminu) marktækt meira en hjá samanburðarhópi sem eru langflestir grunnskólar landsins. Nemendur Borgaskóla hreyfa sig einnig marktækt meira en samanburðarhópur. Einnig náðu 92% nemenda í 1. bekk í Borgaskóla lesfimiviðmiðum MMS sem er mjög góður árangur.

Hvað varðar skólastarfið í heild sinni má nefna samstarfsverkefni tengd Barnamenningarhátíð, þar settu nemendur í 5. bekk upp skapandi dansverk í samstarfi við Dansgarðinn. Nemendur tóku þátt í smíðju í fjóra daga undir leiðsögn danskennara og sjónlistarmanns og var afraksturinn fluttur fyrir aðra nemendur og foreldra. Eining má nefna hljóðinnsetningu og tónleikana #leggjumvidhlustir sem var valnámskeið í 6.-7. bekk, það fór fram í október 2021 og apríl 2022. Hér má sjá kynningu á verkinu:

Tónleikarnir eru afrakstur námskeiðisins #leggjumvidhlustir sem tónskáldið Halla Steinunn Stefánsdóttir og skáldið Angela Rawlings þróuðu og unnu í samstarfi við nemendur í Borgaskóla í Grafarvogi. #leggjumvidhlustir var unnið í skólabyggingunni og nærumhverfi hennar þar sem unnið var út frá spurningum um hvernig við hlustum, á hvað og einnig var skoðað hvaða upplýsingar eru að berast okkur. Lærðu nemendur í því samhengi m.a. að nota upptökutæki og héldu í umhverfisupptökur. Afrakstri þessarar vinnu var veitt inn í tónsmíð sem Halla Steinunn mun semja fyrir nemendur námskeiðsins og kammerhópin Nordic Affect sem hún er í forsvari fyrir. Verkið var sett upp sem quadrophonic eða fjögurra hátalara hljóðinnsetning. Nemendur Borgaskóla stigu inn í verkið og fluttu tónsmíðina sem kallaðist á við innsetninguna, ásamt kammerhópnum Nordic Affect. Flutningurinn fór fram á Borgarbókasafninu í Spöng þann 7. apríl í tengslum við Barnamenningarhátíð.

## **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn; Hefur verkefnið haft eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild?**

Verkefnið er þróunarverkefni sem verður haldið áfram næstu skólár, sömu grunnmarkmið verða höfð að leiðarljósi og byggt ofan á þau. Leiðsagnarnám hefur t.d. jákvæð mælanleg áhrif á skólastarfið sbr. niðurstöður Skólapúlsins 2022.

Í leiðsagnarnámi er horft til þess að nemendur þekki þau námsmarkmið sem unnið er að og viti til hvers er ætlast og hvernig þeir ná markmiðum sínum. Með leiðbeinandi endurgjöf fá nemendur tækifæri og hvatningu til þess að ná sífellt betri námsárangri og verða meðvitaðri um námsferli og hlutverk sitt sem námsmanna. Einnig ná nemendur að temja sér vaxandi hugarfar sem leiðir til betri námsárangurs og bætir líðan.

## **Niðurstöður verkefnisins:**

Niðurstöður verkefnisins eru þær að Borgaskóli er á góðri leið með að innleiða námsmenningu í anda leiðsagnarnáms og að ná markmiðum þessa verkefnis, að skapa góða námsmenningu í Borgaskóla. Unnið hefur verið að því að efla sköpun sem og nýsköpun, ásamt því að koma á valfögum í 6.-7. bekk

Þar sem nemendur velja sér verkefni eftir sínum áhugasviðum. Það er stór hluti af því að efla námsmenningu, að valdefla nemendur í leik og starfi og það er mat verkefnastjóra að vel hafi tekist til. Góðar vörður hafa verið lagðar niður sem hjálpa Borgaskóla áfram í göngu sinni að góðri námsmenningu.

**Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:**

Sem þekkingarskóli í leiðsagnarnámi hefur Borgaskóli tekið þátt í kynningum á skólaárinu með öðrum þekkingarskólum. Nefna má kynningu í Háskóla Íslands, Menntavísindasviði þann 24. maí, einnig er fyrirhuguð kynning á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun þann 12. ágúst 2022.

**Annað gagnlegt:**


Ákveðið var að nýta hluta af fjármagninu í tækjakaup til að styrkja nýsköpunarkennslu/snillismiðjur. En aðkeypt vinna var minni en áformuð var v. Covid 19.

Reykjavík, 15.06.2022



Ester Helga Líneyjardóttir

Verkefnastjóri



Árný Inga Pálsdóttir

Skólastjóri Borgaskóla